# VII. Finnum Tröll




Tröllaheimskan talsverð er
tel ég dæmin sanna,
þegar sólargeislager
greyin vilja kanna.
Standa eftir steinatröll,
stuðlabergsins fangar.
Upp um firnindi og fjöll
feiknaklettadrangar.

Förum saman upp á fjöll
finnum tröll,
finnum tröll.
Flækjumst út um víðan völl,
við förum öll,
við förum öll.

Upp´ á fjöllum ennþá má
ótal kletta greina,
ýmsir þarna andlit sjá,
ef þeir bara reyna.
Líf í hellum leynast kann,
ljósi dagsins hulið.
Margur einn í myrkri fann
meir’ en næturkulið.

Förum saman upp á fjöll
finnum tröll,
finnum tröll.
Flækjumst út um víðan völl,
við förum öll,
við förum öll.